

**Nd.**

**359. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um bifreiðaskatt.

Flutningsmaður: Jón Þorláksson.

1. Við 1. gr. Fyrir orðin »til rikissjóðs 12 kr.« komi:  
9 kr.

Til vara:

Orðin »til rikissjóðs« falli burt.

2. Við 3. gr. Síðasta málsgrein falli burt.
3. 5. gr. orðist svo:

Lögreglustjórar innheimta skattinn, og fer um reikningsskil eftir því, sem stjórnarráðið skipar fyrir.

Af skattinum skal stofna sjerstakan sjóð, sem landsstjórnin geymir. Heimilt er að verja fje úr sjóðnum, eftir tillögum vegamálastjóra, til þess að greiða aukakostnað, er af því stafar að gera slitlag á vegum utan kaupstaða úr grjótmulningi, tjörusteypu eða öðru efni, er hæfir umferð bifreiða, þegar slíkir vegir eru endurbygðir eða endurnýja þarf slitlag þeirra. Skulu þeir vegir ganga fyrir, þar sem mest er umferð bifreiða.